

SKÓLABLAÐIÐ SKUGGINN

2. töl. 17.04.2023

FLOTTARI FATASTÍLL
5 GÓÐ RÁÐ FRÁ AUÐI OG MORTU

DAGLEG RÚTÍNA
KÁRA GUNNARS

"AF HVERJU ÆFIR ÞÚ
EKKI BARA FÓTBOLTA"
KRAKKAR Í JAÐARÍÞRÓTTUM

TÓK ÁHÆTTU
OG FLUTTI TIL ÍSLANDS
PEDRO SKÓLALÍÐI


KÖTTURINN LOKI
BARRY SEGIR BRANDARA
KOKKURINN OG DJÖFULLINN
HÁRGREIÐSLUR SEM HITTA Í MARK

TIKTOK: @SKUGGINN_SKOLABLADID
INSTAGRAM: @SKOLABLADID_SKUGGINN



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Bréf til blaðsins	2
5 tips fyrir flottan fatstíl	3-4
Þriggja stjörnu réttir Júlía	5-6
3 exclusive Loka staðreyndir	6
„Af hverju æfir þú ekki bara fótbolta?“	7-10
5 hlutir sem ég vildi að ég vissi...	11-12
4 Brandarar Barry's	12
5 hárgreiðslur sem þú ættir að prófa	13-14
Nemendaspjall	15-18
Handbók um hryllingsmyndir	19
„Fer í brúnkun í hverri viku" - Björgvin Franz	20
Dagleg rútína Kára	21-22
Hvaða listgreina kennari ert þú?	23-24
Saga skólans	25-26
Fiðringur	26
„Langar að sinna listinni"- Joris	27
Gettu hver	28
„Tók áhættu" - Pedro	29-30



Ritstjórn 2.tb

Kjartan Valur, Leó Már,
Ragnheiður Inga, Ágústa Kort.

Um Skuggann

Skuggin er nemendadrifið skólablað skrifað af nemendum í 10. bekk.

Ábyrgðamaður: Aðalheiður Bragadóttir.

Við viljum þakka öllum sem komu að gerð þessa blaðs.

Við í Ritstjórn viljum óska næsta árgangi góðs gengis við að reyna að toppa þetta. (Nei djók)

-Ást og friður, Ritstjórn Skuggans '22/'23

 **Myndskreytir Skuggans 2.tbl.**

Magrét Sóley Matthíasdóttir



Bréf til blaðsins



Kæra Ritstjórn,

Í dag fékk ég eintak af „blaðinu” ykkar í sjoppunni. Ég setti það í töskuna og hlakkaði mjög mikið til að njóta innihalds þess í lok dags. Ég settist upp í rúm eftir kvöldmat og ætlaði að lesa blaðið en sá að það var bara eitt blað, á forsiðunni voru upplýsingar um hvað var í blaðinu og á bakhlið voru úreltar upplýsingar um árshátíðina. Ég bara skil ekki. Mér þætti vænt um það að þið gætuð lagað þetta fyrir næsta eintak.

-nafnlaus aðili, sem er mjög ringlaður.

Svar: Hæ hæ,

Við kunnum auðvelda lausn á þessum vanda, hittu okkur upp hjá Krambúð við getum rætt málin þar..

Kær kveðja,
Ritstjórn.

Hæ hæ

Ég elskaði viðtalið við Kára. Ég keypti mér alveg eins og skó og hann og hef ekki farið úr þeim í nokkra mánuði. Ég er reyndar með smá þælingu, hvernig er hann eiginlega svona svalur?

-nafnlaust, stærsti aðdáandi Kára.

Svar: Hæ og takk fyrir hlý orð í okkar garð.

Þú getur fundið svarið við þessari spurningu á bls.18

Ástkær kveðja,
Ritstjórn.

Halló,

Ég sá sketsana ykkar, borðar þessi gaur í alvöru mandarínur svona?

- nafnlaust, mjög áhyggjufullur aðili.

Svar:

Já, Leó hefur alltaf borðað mandarínur svona. Við hjá Skugganum höfum reynt að hjálpa honum að læra að borða mandarínur rétt. „Aumingjar þurfa hjálp, aumingjar sem að kunna ekki að borða mandarínur”- Leó.

Bestu kveðjur,
Ritstjórn.

5 ráð fyrir flottari fatastíl!

-RIM

**Við heitum Morta og Auður við erum nemendur í 10. SGP.
Hér fyrir neðan þá miðlum við visku okkar til ykkar með fimm
bestu ráðum fyrir flottari fatastíl.**

1. Finna Inspo

„Horfðu í kringum þig og taktu eftir í hvaða fötum fólk er í. Finndu það sem talar til þín, það sem þér finnst flott. Við mælum líka með að leita að inspo t.d á Pinterest, Tik tok og Insta. Það er samt líka mikilvægt að vita að þú átt kannski ekki allt sem fólk er í á myndum en þú verður bara að improvisera, byrjaðu einhverstaðar með fötin sem þú átt. Notfærðu þér það sem þú hefur".



2. Öryggi

„Það eru engar reglur í tísku, þú mátt klæða þig eins og þú vilt, svo lengi sem að þú ert örugg/ur með það. Þú munt aldrei líta vel út í neinu ef að þú ert óörugg/ur og hokin/n. Þú klæðist fötunum, fötin eiga ekki að klæða þig. Það er mikilvægt að þora.

„Gefðu skít í álit annarra".

3. Byrjaðu á basics

„Það er mikilvægt að eiga þessi „basics” í skápnum þínum. Einlitir bolir ganga til dæmis við allt, þegar þú átt „essentials” (grunninn) þá getur þú farið að prófa þig áfram með stíl og „layerað”. Þá þegar þú ert búin/n að „finna” stílinn þinn og hverju þú vilt vera í þá áttu þennan grunn til að byggja ofan á. Þá áttu þessi „basics” sem ganga með öllu, sem að þú getur alltaf verið í innanundir eða litið vel út í".



4. Þú þarft ekki að fylgja tísku til að vera með flottan fatastíl.

„Dýr fatamerki gera ekki endilega fire fit. Fattaðu hvað virkar fyrir þig og ekki láta tískuna plata þig. Að vera í dýrum merktum fötum þýðir ekkert endilega að þú sért meira stylish. Dýrar flikur geta verið flottar, en þær eru ekki eitthvað sem þú þarft nauðsynlega fyrir flott fit“.



5. Þetta tekur tíma.

„Það tekur tíma að prófa sig áfram og læra. Hvað fer mér vel? Hvernig fötum vil ég vera í? Þori ég að vera í þessu? Þetta tekur tíma og gefðu þessu tíma. **Ekki ofhugsa, vertu með opinn hug**“.



Auka tips:

Farðu í Hertex og Rauða krossinn!!!

„Flottur fatastíll þarf ekki að vera dýr. Við finnum oftast algjörar gersemar þar. Þú þarft ekki að eyða rugl mikið af peningum í nýjustu fötin þegar þú getur fundið algjöra gersemi fyrir lítið sem ekkert í Rauða Krossinum eða Hertex. **AÐVÖRUN:** ekki fara í Hertex eða Rauða krossin ef þú ert í einhverri tímapressu, lykillinn að finna eitthvað flott í þessum búðum er klárlega þolinmæði og þrautseigja í að gramsa og leita“.

Aftur nýtt- „Ef þú vilt kaupa merkjavörur eða nýrri föt en átt ekki mikinn pening þá er alveg kjörið að kíkja í Aftur Nýtt, þú getur til dæmis fundið næstum alveg glænýja Champions peysu á hálfvirði þar“.

Jakkar eru key-

„Jakkar eru klárlega kryddið“.



Þriggja stjörnu réttir Júlía

-KVB & LMP

Það er mikið talað um það vonda við skólamatinn, okkur finnst vanta smá jákvæða punkta í umræðuna. Að okkar mati eru þetta fimm bestu réttirnir á matseðlinum.



#1: Tortilla

Tortilla er besti maturinn í skólanum að okkar mati, það væri frábært ef hann væri oftast á matseðlinum. Allt við tortillu er stórfenglegt en sérstaklega stendur hakið upp úr fyrir sitt létt kryddaða bragð. Tortilla brauðið sjálft er stórt sem gerir það af verkum að maður þarf ekki að fara

margar ferðir. Ef þér finnst tortillan vond þá er það þér að kenna því að ÞÚ ræður hvað er á henni. Þessi sveigjanleiki er það besta við þennan fullkomna rétt ásamt þeirri staðreynd að hann er einfaldur, hollur og næringarríkur.

#2: Grjónagrautur

Hver elskar ekki góðan grjónagraut og hvað þá á góðum föstudegi?

Grjónagrautur er klassískur réttur sem öllum finnst góður. Rétt eins og kjúklingasúpan er grjónagrautur réttur sem maður fær sér undantekningarlaust ábót af. Þrátt fyrir mikið ágæti grautsins er hann ekkert án slátursins. Það má alls ekki vanta slátur því að grjónagrautur án sláturs er eins og Dani án pilsner og reiðhjóls.

#3: Kjúklingasúpa

Kjúklingasúpan er nýjasti rétturinn á matseðlinum og hún hefur síður en svo valdið vonbrigðum. Hlutfallið af kjúklingi, grænmeti og súpu er hreint út sagt fullkomið og súpan nær því góða millistigi að vera bragðmikil en ekki of sterk. Þetta er einn af þeim réttum sem maður fær sér aldrei bara einn skammt af. Til þess að finna eitthvað til að kvarta yfir þarf að rýna mjög vel í smáatriðin, kjúklingabitarnir mættu vera aðeins smærra skornir. Þetta er hins vegar bara smáatriði sem maður ætti alls ekki að kvarta yfir. Ef maður mætti setja meiri ost og tortilla flögur í súpuna væri hún léttilega í fyrsta sæti.



#4. Lasagna

Það er mjög erfitt að gera vont lasagna svo lengi sem það er ekki grænmetislasagna. Lasagnað er aldrei vont en gæði þess ræðst mjög mikið á magninu af osti, það er ekkert til sem heitir of mikill ostur. Eins og með

kjúklinginn í raspinu getur verið mjög gott að krydda lasagnað með salti og pipar. Yfirhöfuð er lasagna frábær réttur sem manni hlakkar alltaf til að fá.

#5. Kjúklingur í raspi

Þessi réttur er sambærilegur við fiski í raspi, en allir vita að kjúklingur er mun betri en fiskur. Þess vegna er fiskurinn ekki á þessum lista. Auðvitað eru góðir og slæmir bitar í kjúklingnum, eins og í öllu öðru. Það er einmitt það sem gerir þennan rétt betri en flesta aðra, það eru næstum engir slæmir bitar. Svo skemmir alls ekki fyrir að hafa kryddaðar kartöflur með. Það eina slæma sem hægt að segja um kjúklinginn er að hann getur stundum verið svolítið bragðlaus en það er léttilega hægt að laga með smá salti og pipar. Kjúklingur í raspi er býsna ágætur réttur sem svíkur mann aldrei.



Kötturinn Loki

Flestir nemendur í 9. og 10. bekk hafa kynnst honum Loka. Sniðugu og skemmtilegu daglegu staðreyndirnar um Loka uppi á töflu inni hjá Hönnu Dóru hafa gefið Loka sérstakan stað í hjarta okkar. Eigandi Loka er enginn önnur en Snædís Hanna úr 9. HDM og hér deilir hún með okkur þremur „exclusive“ staðreyndum um Loka:

1. Loki er inniköttur þannig að hann fer út í bandi og hann fer alltaf með í útilegur og aðrar ferðir.
2. Loki skammar alltaf fólk sem gerir hávaða þegar hann er að reyna að sofa.
3. Loki reynir alltaf að veiða flugurnar í gluggunum en hann er mjög lélegur í því.



„Af hverju æfir þú ekki fótbolta?"

-RIM

„Af hverju æfir þú ekki bara fótbolta?" er kjörin spurning fyrir þessa dýrkendur jaðaríþrótta í Brekkuskóla. Hér eru fjórir krakkar sem að æfa allt annað en hefbundnar íþróttir.

Hreiðar Örn, 9.ÞH - Parkour

„Ég hef nú æft parkour í 5 ár, ég hef tagnað tvisvar í hálsinum og nokkrum sinnum í höndum og fótum.



Aðsend mynd, Hreiðar Örn

„Parkour virkar þannig að þú ert að reyna að komast frá einum stað yfir á annan eins hratt og þú hefur getu til og nota líkamann til að yfirstíga áskoranir og hindranir í umhverfinu. Ég æfði fimleika en fannst það frekar leiðinlegt, margar reglur og ansi strangt. Parkour æfingar voru í sama sal og mér fannst íþróttin líta mjög spennandi út þar sem krakkarnir virtust frekar frjálsir. Þetta er mjög frjáls íþrótt og maður er að gera mikið það sem maður vill. Ég æfi parkour með Fimak.

Það sem mér finnst skemmtilegast við íþróttina er að læra ný brögð. Það er ekki hægt að keppa hérna á Íslandi í parkour en það er keppt í parkour erlendis. Ég hef ekki keppt en hef farið í æfingabúðir, það var stuð. Ég er í hópnum P1 sem er besti hópurinn, það er reyndar mjög fámennt núna af því að voða fáir æfa. Það þarf ekki að eiga neinn búnað til að æfa parkour og ég mæli klárlega með því en ef þú er mjög hrædd/ur við meiðsli þá er þetta ekki íþróttin fyrir þig”.

Af hverju æfir þú ekki bara fótbolta?

„Mér finnst fótbolti vera svo leiðinleg íþrótt, parkour on top”.

Signý María, 8.EAÓ - Brasilískt Jiu-Jitsu.

„Ég meiði mig alveg fullt, þegar verið er að kasta þér endalaust kemstu ekkert hjá því“.



„Jiu- Jitsu er bardaga- og sjálfsvarnaríþrótt, mikið um lása og að henda fólki.

Ég hef æft síðan ég var 6 ára, keppt tvisvar og unnið tvisvar. Ég kynntist íþróttinni í gegnum frænda minn. Hann er að þjálfa og bauð mér að koma að prófa. Það voru ótrúlega skemmtilegir krakkar að æfa og það vakti áhuga minn á íþróttinni, það er alltaf svo gaman á æfingum. Skemmtilegasta við að stunda Jiu-jitsu finnst mér vera að kynnast nýju fólki.

Æfingarnar hjá mér eru venjulega upphitun, tækni og svo bara glíma. Ég æfi með Atlantic BJJ sem er brasilískt Jiu-Jitsu félag Norðurlands. Það eru ekki margir að æfa á mínum aldri og því fáir í unglingahópnum en margir á fullorðinsæfingum.



Ég á eina mjög góða sögu, ég var einu sinni að klára glímu á einhverju móti hjá Mjölni og þá kom Gunnar Nelson og sagði: „þú ert rosalega góð“ ,ég var í SJOKKI! Hann var að dæma á mótinu og kom til mín upp úr þurru, gaf mér fimmu og sagði þetta. Ég hvet alla til að koma að æfa, það er líka svo skemmtilegt á æfingum”.

Af hverju æfir þú ekki bara fótbolta?

„Jiu-jitsu meikar meiri sens. Þú ert að læra sjálfsvörn, sem að nýtist þér pottþétt”.

Júlietta, 10. SÁ - Fjallahjólreiðar

„Fjallahjólreiðar er eitt það skemmtilegast sem ég geri, algjör adrenalínsprengja”.



„Ég hef hjólað mikið alveg síðan ég var lítil en það eru þrjú ár síðan ég fór að stunda fjallahjólreiðar að alvöru. Það er mikið keppt í þessari íþrótt hér á landi en bara á sumrin, það er bæði keppt í „downhill” (fjallabrun) og enduro. Ég er íslandsmeistari í Fjallabruni U17 og vann enduro keppni U17 í fyrra. Það er hægt að fara á fjallahjólreiða námskeið á sumrin með Hjólreiðafélagi Akureyrar eða skrá sig í félagið. Ég kynntist fjallahjólreiðum í gegnum foreldra mína, þau hjóla mikið. Þau gáfu mér hjól og ýttu undir áhuga minn á fjallahjólreiðum. Það skemmtilegasta við þessa íþrótt er frelsið, það er þessi „zone” sem að maður fer í, þú hjólar og það er bara engu öðru líkt. Það eru svo margir möguleikar, þú getur stokkið, þú getur bara farið út að hjóla eða brunað. Þessi íþrótt er algjör adrenalín sprengja. Búnaðurinn er dýr en ef þú hefur áhugann er hann klárlega þess virði. Alvarlegasta sem ég hef slasað mig er þegar ég ætlaði að vera rosa „show-off” og ætlaði niður tröppurnar hérna á skólalóðinni en ég rann með stýrið í handriðið og skaust af hjólinu og braut í mér fullorðinsjaxl. Það komu margir að spyrja mig hvort það væri allt í lagi, ég svaraði því játandi en var með einhverja óþægilega mylsnu í munnum sem var þessi jaxl”.



Af hverju æfir þú ekki fótbolta?

„Í fótbolta þá ertu bara í þinni stöðu og spilar eftir reglunum. Fjallahjólreiðum fylgir svo mikið frelsi, þú ert ekki „fastur”.

Fríða 9.HDM- Trampólín

„Ég var Danmerkurmeistari 10 ára í samstilltu stökki. Þegar maður er að hoppa þá er eins og maður sé óstöðvanlegur“.

„Ég æfi trampólín. Það virkar þannig að maður æfir ákveðin stökk sem að þú setur svo saman í tíu stökkva æfingu sem að hægt er að keppa með. Þú semur í raun rútínu. Ég hef æft þessa íþrótt síðan ég var fjögurra ára. Bróðir minn var að æfa og ég fékk stundum að skottast með.“



Pabbi minn dró mig á æfingar þegar ég var yngri en með því að æfa jókst áhugi minn smám saman á trampólíni. Ég æfði með KTK(Københavns Trampolinklub) en núna er ég að æfa með pabba í íþróttahöllinni. Síðastliðin tvö ár höfum við verið með svona „on-and-off“ æfingar og nokkur námskeið. Þetta er ólympísk íþrótt og ég hef keppt mjög mikið/oft. Ég var Danmerkurmeistari 10 ára. Þá var ég að keppa upp fyrir mig í samstilltri æfingu. Það er þegar tveir hoppa á sama tíma og gera sömu stökkinn alveg samstillt. Mér finnst það skemmtilegasta við þessa íþrótt vera frelsandi tilfinningin þegar þú ert að hoppa, það eins og maður sé óstöðvanlegur. Þú þarft lítin búnað til að geta æft en að hafa aðgang að aðstöðu. Endilega kynnið ykkur þessa íþrótt“.

Af hverju æfir þú ekki fótbolta?

„Mér finnst fótbolti leiðinlegur, trampólín er miklu áhugaverðari íþrótt, miklu betri“.

5 hlutir sem að ég vildi að ég vissi...

-ÁKG

5 hlutir sem ég hefði viljað vita þegar ég kom fyrst út.

Þegar ég segi “koma út” hljómar það frekar dramatísk. Það koma ekki allir út, ég kom ekki út. Ég átti bara kærustu einn daginn og þannig var það. Þegar ég segi “koma út” meina ég bara að þú áttir þig á því að þú ert hinsegin, enn það er bara aðeins of langur titill á þessari grein.

1. Ekki allt þarf að hafa regnboga

Það sem ég á við með þessu er að þú þarft ekki að auglýsa það að þú sért hinsegin. En margir koma út og hugsa „allir þurfa að vita af því”. En málið er að það þurfa nefnilega ekkert allir að vita það, ekki frekar en þú sérstaklega vilt.



2. Hinsegin sambönd geta líka verið óheilbrigð

Ef þú hefur einhvern tímann verið hinsegin gella í kringum gagnkynhneigða stelpu í ástarsorg hefur þú mögulega heyrt setninguna „Ég vildi að ég væri lesbía, strákar eru svo mikið vesen”. Það er bara rangt, manneskjur eru bara vesen yfirhöfuð.

3. Þú þarft ekki að vera einhvern veginn til að vera hinsegin

Það er nú ekkert leyndarmál að það eru ákveðnar staðalímyndir sem fólk tengir við hinsegin fólk og jú, sumar þeirra eru á rökum reistar. „Hey, þú ert lesbía, er það ekki? Þekkir þú þá ekki Guðrúnu?” Er það ekki svolítið skrítið að halda að allt hinsegin fólk þekki hvort annað? Jú. Er það algjörlega röng staðhæfing? Nei, nei, alls ekki, ég þekki nefnilega Guðrúnu. Það sem ég er að reyna útskýra er að þú þarft ekki að vera einhvern veginn því þú ert hinsegin þú ert bara hinsegin. Það er ekki persónuleikinn þinn.

4. Þú mátt skipta um skoðun

Það er engin hinsegin lögregla sem mun handtaka þig ef þú ferð frá því að vera tvíkynhneigð í að vera lesbía og svo jafnvel aftur til baka. Það er erfitt að finna út hver þú ert, það ætlast enginn að þú munir ná því réttu í fyrsta skipti.

5. Þér þarf ekki að líka við hinsegin miðla

Hvort sem það er bók, mynd eða þættir, er mikilvægt að vita að þú ert ekki vond hinsegin manneskja fyrir að horfa ekki á alla nýja þætti eða myndir sem koma út varðandi hinsegin persónur. Sumt af þessu efni er bara ekki gott (*hóst* *hóst* Heartstopper *hóst*). Get ég sem hinsegin manneskja verið glöð að það sé verið að sýna hinsegin fólk í sjónvarpi og myndum reglulega? Já.

Þarf ég að horfa á allt sem kemur út? Nei.

4 Brandarar Barry's

-KVB


Askur Nói Barry betur þekktur sem „Barry” er nemandi í 10. SGP. Þeir sem þekkja Barry vita að Barry er mikill brandarakarl. Honum finnst fátt skemmtilegra en að reita nokkra brandara af sér og virðist alltaf vita bestu tímasetningarnar til að henda í eitt lauflétt grín. Hér eru nokkrir brandarar sem eru í uppáhaldi hjá okkar ástkæra Barry:

Hvað kallar maður Breta í úrslitum á HM?
Dómara.

Veistu hvað gerðist við minkabúið?
Það minnkaði og minnkaði þar til það var búið.

Hvað kallar maður Breta með heilbrigðar tennur?
Innflytjanda.

Af hverju heitir heita vatnið heita vatnið?
Eitthvað verður það að heita vatnið.



5 hárgreiðslur sem þú ættir að prófa

-KVB

Þegar kemur að hári eru margir sem eiga erfitt með að fara út fyrir þægindarammann. Mér finnst að fólk mætti vera duglegra að breyta til og sjá hvort það finni ekki einhverja flotta greiðslu sem fer þeim vel. Ég skora á ykkur að prófa að fara út fyrir kassann! Hér fyrir neðan eru nokkrar hrikalega svarar hárgreiðslur sem ég held að fari langflestum vel, því er lítil áhætta á að gefa þeim séns.

1. R9 klippingin




Ef þig hefur einhvern tímann langað að raka þig sköllótta/nn en skilja smá eftir framan á þá er þessi klipping fullkomin fyrir þig! Hún hentar einstaklega vel til að halda hita á framheilanum. Viðhaldið er sama sem ekkert, þú þarft ekki einu sinni að þvo hárið með sjampói. Ef þú ferð til Brasilíu með R9 klippinguna þá mun sennilega bíða móttökunefnd eftir þér á flugvellinum sem mun bjóðast til að sýna þær alla helstu staði í Brasilíu ókeypis. Það eru engir gallar við þessa frábæru klippingu. Því ekki að henda í hana við næsta tækifæri?

4. Tengdamömmuboxið



Ég kys að kalla þessa klippingu tengdamömmuboxið vegna þess hversu mikið þú getur geymt í hárinu. Hugsaðu þér, þú ert kannski bara á sunnudagsrúntinum og svo BÚMM áður en þú veist af er eitt dekk sprungið. Þetta er auðvitað heilmikið vesen, en svo manstu eftir varadekkinu, sexkantinum og tjakknum sem þú settir í hárið í síðasta mánuði. Tengdamömmuboxið getur líka reddað öðrum. Samkvæmt útreikningum mínum er hægt að lifa af allt að 50 metra fall ef maður lendir á tengdamömmuboxi svo lengi sem maður lendir ekki ofan á einhverju hörðu sem er oft geymt í því eins og frystikistu eða ísskáp. Ég mæli eindregið með að fá sér tengdamömmubox á kollinn þótt það væri bara upp á lúkkið.



2. Strikamerkið

Strikamerkið er geggjuð klipping sem er því miður alltof sjaldgæf. Það sem mér finnst best við hana er sú staðreynd að þú ræður hvað þú gerir með restina af hárinu. Ég mæli til dæmis með að sameina þyrluna (sjá klippingu nr. 5) og strikamerkið. Þessi klipping er ólík R9 klippingunni á þann hátt að hún krefst heldur mikils viðhalds ef þú vilt halda henni eins og strikamerki. Þrátt fyrir viðhaldið er klippingin bara svo flott að það er vel þess virði. Passaðu þig bara að láta ekki skanna hana óvart þegar þú ert í kjörbúð ef þú vilt ekki borga fyrir geitaost sem er ekki til.



3. Skullet

Hver þekkir það ekki að vera skítkallt á hálsinum en of heitt ofan á hausnum? Þetta vandamál glímdi mannkynið við alveg þangað til á 19. öld þegar einhver snillingur fann upp á skullettinu. Síðan þá hefur dregið verulega úr henni sem er vitaskuld ekki nógu gott. Ég vil meina að þessi klipping sé við það að fara í tísku svo það er um að gera að skella í eitt grjóthart skullet.

5. Þyrlan

Ef þú elskar þyrlur átt þú eftir að elska þessa klippingu! Þyrlan er svakaleg klipping sem á skilið mun meiri ást og hlýju en hún hefur fengið hingað til. Ég get fullvissað ykkur um það ef að manneskja með þyrluna labbar inn í herbergi eru 100% líkur á því að hún sé svalasta manneskjan í herberginu. Vitaskuld krefst þessi hárgreiðsla mikillar athygli, svona eins og að sjá um hvolp, en rétt eins og hvolpar mun þyrlan veita þér ótakmarkaða gleði. Eins og ég sagði áðan þá er hægt að nota þessa hárgreiðslu með strikamerkinu ef maður vill vera svo nettur að gæludýr byrji að tala einungis til þess að hrósa manni. Ég verð þó að taka fram að ekki er ráðlagt að fara út í miklu roki með þyrluna.



NEMANDASPJALL

-RIM

Hvert er upphalds fagið þitt?

„Samfélagsfræði. Það er meira verklegt, erum ekki að vinna með bók.“

Hvað ætlar þú að gera eftir Brekkó?

„Ég ætla í MA, líklegast á félagsfræðibraut eða mál og menningar.“

Hvað heitir pump playlistinn þinn og hvert er fyrsta lagið?

„Playlistinn heitir „Bass” og fyrsta lagið er swing my door með Gucci Mane.“

Hvað vill mamma þín að þú verðir?

„Hún heldur örugglega að ég verði efnafræðingur en ég ætla mér ekki að verða efnafræðingur.“

Hver er skjátími þinn á dag?

Alltof mikill, kannski svona sjö til átta klukkutímar á dag.



Hvert er upphalds fagið þitt?

Íþróttir, aðallega af því að mér finnst fótbolti svo skemmtilegur.

Hvað ætlar þú að gera eftir Brekkó?

Mig langar í MA, ekki búin að ákveða braut.

Síðasta bók sem að þú last?

Ævisaga Marthin Luther Kings.

Hver er stærsti ótti þinn?

Ég held að það sé að deyja, dauðinn.

Hvað vill mamma þín að þú verðir?

Fótboltamaður, hún neyðir mig á æfingar.

Hvað heitir pump playlistinn og hvert er fyrsta lagið?

Hann heitir „playlist” og fyrsta lagið er Heat waves með Glass animals.



Hvað er uppáhaldsfagið þitt?

Íþróttir, simple.

Hvað heita framtíðar börnin þín?

Boeing 737.

Hvað ætlar þú að gera eftir Brekkó?

Ég ætla í flugskóla.

Ertu með vinnu?

Nei en ég var að sækja um hjá flugsafninu.

Hvað vill mamma þín að þú verðir?

Flugmaður, sem flýgur með Icelandair.

Hver er skjátími þinn í síma á dag?

Að meðaltali svona 4 klukkutímar.



Hvað er uppáhaldsfagið þitt?

Heimilisfræði, af því mér finnst svo gaman að baka.

Hvað heita framtíðar börnin þín?

Ég er með tvö stelpunöfn, Sóley og Fanney.

Ertu að vinna einhvers staðar?

Já, ég er stundum að passa, barnapía.

Hvað er skjátími þinn í síma á dag?

Eitthvað um þrír klukkutíma.

Ef þú værir matur hvaða matur værir þú?

Ég held að ég yrði rjómapasta.

Hvað heitir pump playlistin þinn og hvert er fyrsta lagið?

Playlistinn heitir „febrúar 2023“ og fyrsta lagið er Boyfriend með Dove Cameron.



Hvað er uppáhalds fagið þitt?

Samfélagsfræði, gaman að læra um söguna.

Hvað ætlar þú að gera eftir Brekkó?

Ég ætla að komast inn í MA, er að stefna á mál og menningarbraut.

Hver er stærsti ótti þinn?

Að verða rauðhærður.

Hvað heita framtíðar börnin þín?

Ég er ekki með nein börn á áætlun en mér finnst Gummi vera gott nafn.

Leyndur hæfileiki?

Já, ég er natural talent í að elda pasta.

Lorenzo, 9. HDM



Hvert er uppáhalds fagið þitt?

Stærðfræði, tölur tala við mig.

Hvað heita framtíðar börnin þín?

Ég vil alls ekki börn, en nafnið sem mér dettur í hug er Karen.

Hvað heitir pump playlistin þinn og hvert er fyrsta lagið?

Playlistinn heitir „i miss u” og lagið er Fetish með Selena Gomez.

Hvað er skjátími þinn á dag?

12-13 klukkutímar á dag, ég er algjör síma addict.

Hver er stærsti ótti þinn?

Að verða hrukkót.

Annabelle, 9. HDM



Hvert er upphalds fagið þitt?

Samfélagsfræði! Mér finnst áhugavert að heyra um söguna og stríðin og þannig.

Hvað heita framtíðar börnin þín?

Ég er með þetta úthugsað, stelpunafn: Jasmin og strákanafn: Hrafn.

Hvað vill mamma þín að þú verðir?

Örugglega stjórnmalamaður, ég held að hún væri ánægð með það.

Hvað heitir pump playlistin þinn og hvert er fyrsta lagið?

Ég er mikið að hlusta á rapp núna, minnir að playlistinn heiti „fav jams” og fyrsta lagið Hit 'em up með Tupac.

Leyndur hæfileiki?

Ég get talað alveg rosalega hratt.

Lilja Dögun, 9. SS**Hvað er upphalds fagið þitt?**

Stærðfræði, mér finnst skemmtilegt að vinna í stærðfræði og Sævar er mjög góður og upplýsandi kennari.

Hver er stærsti ótti þinn?

Að verða kennari.

Hvað er skjáttíminn þinn í síma á dag?

Um 5-6 klukkutímar.

Hvað heita framtíðar börnin þín?

Samúel Sváfnisson, SS.

Hvað heitir pump playlistin þinn og hvert er fyrsta lagið?

Playlistinn heitir „Piano man” og fyrsta lagið er Traveling girl eftir Billy Joel.

Sváfnir, 9. HDM



Handbók um hryllingsmyndir

-ÁKG

Hefur þú einhvern tíman horft á hryllingsmynd og hugsað „Ég gæti lifað þetta af“. Ég geri það líka, hér eru fimm dæmi.

1. IT



IT fjallar um trúð sem drepur og borðar börn. Þetta væri skítlétt, ég myndi bara ekki vera barn eða ekki treysta trúð sem eru niður í holræsi, því ég er ekki hálfviti.

2. Annabelle



Annabelle er um dúkku sem drepur fólk og er andsetin. **EKKI TREYSTA DÚKKUM.** Hefur það einhvern tímann endað vel fyrir einhvern? Nei, aldrei í allri mannkynssögu hefur það gengið vel fyrir nokkurn.

3. Scream



Scream er kvikmyndasería um morðingja sem kallar sig „ghost face“. Eftir fyrstu myndina fjalla myndirnar aðallega um aðalkarakterinn að lenda í Ghostface, aftur og aftur og aftur (7 myndir).


nr.1 ekki vera kona

nr.2 ekki stunda kynlíf

nr.3 ekki segja „kem aftur eftir smá“ það hefur engin komið aftur eftir smá í hryllingsmynd.



4. The Shining



The shining er mynd sem fjallar um fjölskyldu sem passar hótél yfir veturinn. Þar koma allskonar djöfla hlutir fyrir. Ekki fara einhvert þar sem þú verður fastur næstu fjóra mánuði, aldrei! Sérstaklega ekki með manni sem er nú þegar ofbeldisfullur.

5. Quiet Place



Quiet place er mynd sem fjallar um skrímsli sem heyra í öllu og taka yfir jörðina. Jafn mikið og mér þætti gaman að segja ykkur frá heimsenda plani mínu þá myndi ég líklegast bara drepa mig.

„Fer í brúnkun í hverri viku" -ÁKG

Söngleikurinn Chicago er afar vinsæl sýning sem sett var upp í samkomuhúsinu í vetur. „Sagan gerist á þriðja áratug síðustu aldar í hinni spilltu og lostafullu Chicagoborg þar sem svik og prettir eru daglegt brauð. Glæpakvendin Velma Kelly og Roxy Hart berjast um athygli fjölmiðla í von um frægð og frama með hjálp siðblindingjans Billy Flynn, lögfræðings. Þrátt fyrir að vera báðar á bak við lás og slá svífast þær einskis til að slá í gegn".

- Leikfélag Akureyrar. **Ágústa náði tali af Björgvini Franz (Billy Flynn) sem segir hér aðeins frá ferlinu.**

Hversu langan tíma tók að æfa leikritið?

„Í nóvember þá æfðum við allan mánuðinn og svo pásu í desember. Janúar fór svo allur í æfingar".

Hvernig var valið í hlutverk?

„Ég held að Marta (leikstjórinn) hafi séð Jóhönnu Guðrúnu (Velmu) fyrir sér um leið og það var byrjað að setja leikritið upp. Fyrir okkur hin var fullt af prufum.

Hvernig sömduð þið dansinn?

„Það var allt bara stórkostlegi danshöfundurinn Lee Proud sem á heiðurinn að því".



Þurftir þú að breyta einhverju í útliti fyrir hlutverkið?

„Já, ég þarf að fara í brúnkun einu sinni í viku sem gefur svona skrítin svona gulan lit en það lítur venjulega út undir ljósunum á sviðinu. Ég nota líka linsur þegar við erum að sýna".

Hvað er það skemmtilegasta við ferlið?

„Sem leikari reyni ég að þroskast með, og njóta hvernar sýningar. Það er líka alltaf gaman að fara upp í kaðalinn".

Dagleg rútína Kára

-KVB



Kári með 1. tb Skuggans

Hvernig ferðu að því að vera svona óeðlilega svalur?

„Þetta er eitthvað í genunum, það eru allir góðir í einhverju og það vill bara svo til að ég er náttúrulega svalur. Aðrir sem eru ekki svalir eru kannski bara mjög góðir í dönsku. Þú verður að finna það sem þú ert góður í, þú verður að finna þína gullskó.“

Ef þú gætir breytt einu í skólanum, hvað væri það?

„Það sem við þurfum eru þjónar sem færa okkur mjólk og mat, einn á hverja stofu. Þetta myndi koma í staðinn fyrir hádegismat.“

Óhætt er að segja að allir þekki Kára Gunnar eftir skó viðtalið eftirminnilega sem birtist í fyrsta tölublaði Skuggans. Hér segir hann okkur frá daglegu rútínu sinni og lífsgildum ásamt nokkrum góðum ráðum.

Hver er daglega rútínan þín?

„Ég vakna klukkan sex og tek smá „power nap“ svo bursta ég tennurnar í sturtunni til að spara tíma. Ég fæ mér að borða og bursta aftur, sest svo fyrir framan sjónvarpið en kveiki ekki á því. Ég horfi á svartan skjáinn og hugsa hvað ég á að gera í dag. Þetta geri ég í 40 mínútur og labba svo í skólann. Í skólanum þarf ég bara að gera það sem fólkið segir og þá er ég fínn. Þegar heim er komið fer ég í Fifa og svo á æfingu. Eftir æfingu fer ég í sturtu og spyr svo „hvað sé í matinn?“ en það svarar mér enginn vegna þess að klukkan er sjö, þá horfa allir á fréttirnar. Svo hringi ég í ömmu og óska henni til hamingju með afmælið, hún á ekki afmæli en hún fattar það ekki. Ég geri þetta til að láta hana vita af tilvist minni. Eftir það fer ég að sofa“.

Fyrir hvað lifir þú?

„Ég lifi fyrir sjálfan mig, þetta lærði ég frá vitrum manni sem sagði eitt sinn: „Ef þú getur ekki elskað sjálfan þig, hvernig áttu þá að geta elskað einhvern annan?““.



Kári í miðju símtali við ömmu sína.

Hvernig er frægðin að fara með þig eftir skóviðtalið?

„Hún var alltaf þarna en hún hefur farið mikið upp á við. Ég höndla hana alveg vel en það er þínu pirrandi ef ég er í sturtu og svo er bara kominn einhver gæi sem heldur á skónum og vill fá þá. Hvað á ég þá að gera? Ekki get ég fengið mér lífverði því að þeir myndu bara taka þá. Eftirspurnin er svo mikil, jafnvel LeBron James reyndi að kaupa þá af mér um daginn.”

Hverjar eru þínar helstu fyrirmyndir?

„Patrick Bateman, LeBron James og Cristiano Ronaldo. Ég gæti trúað að einn þeirra sé guð”.

Hvar eru gullskórnir ?

„Það voru komin svolítið mikið göt á þá og reimarnar voru slitnar þannig að þeir eru í viðgerð hjá ömmu. Ég er auðvitað uppáhalds barnabarnið hennar vegna daglegu símtala minna”.

6 ráð Kára til þín

1. Alltaf biðja Dagmar um hjálp í stærðfræði, hún mun gera dæmið fyrir þig.
2. Farðu í aðstoð við bóknámi og íþróttaval því þar er ég, endilega leyfið mér að skora í fótbolta.
3. Alltaf bursta tennurnar áður en þú ferð á æfingu, þjálfarar hata óhreinar tennur.
4. Ekki láta einhvern biðja þig um að taka úr uppþvottavélinni, þú skalt alltaf vera skrefi á undan og vera búinn að því, þá verða þau þakklát. Nema að þú sért miðjubarn auðvitað, þá ertu heppinn ef þau vita að þú ert til.
5. Drekkið mikla mjólk, hún er góð fyrir beinin.
6. Alltaf trúa á sjálfan þig. Ef þú heldur að þú getir ekki eitthvað, getur þú það ekki. Sama hversu oft þér mistekst, aldrei gefast upp. Því oftar sem þú klúðrar einhverju því betri verður þú í því.

Hvaða listgreinakennari ert þú?

-LMP & KVB

Hvað listgreinakennari ert þú? Taktu þetta próf til að komast að því.

Hvað finnst þér skemmtilegast af eftirfarandi?

Að skíða (1 stig)

Útivera (2 stig)

Mála/ taka myndir (3 stig)

Tónlist (4 stig)

Að hlaupa (5 stig)

Hvað er uppáhalds áleggið þitt?

Reyktur lax (1 stig)

Spægipylsa (2 stig)

Avocado (3 stig)

Jarðaber (4 stig)

Ostur (5 stig)

Hvað er uppáhalds liturinn þinn?

Rauður (1 stig)

Blár (2 stig)

Vínrauður (3 stig)

Appelsínugulur (4stig)

Grænn (5 stig)

Hver er stærsti ótti þinn?

Skriðdýr/hjólreiðamenn í latex (1 stig)

Mýs (2 stig)

Að vera stungin í bakið (3 stig)

Að leiðast (4 stig)

Krabbamein (5 stig)

Hvað er uppáhalds dýrið þitt?

Geit (1 stig)

Pandabjörn (2 stig)

Gíraffi (3 stig)

Dádýr (4 stig)

Refur (5 stig)

Leggðu nú stigin sem þú fékkst saman og þá sérðu hvaða kennara þú líkist mest.

0 stig = Hvað ertu eignlega?

5-9 stig = Brynhildur

Brynhildur er hress og mjög fróð um allt sem tengist list. Hún kann svo sannarlega sitt fag þegar kemur að myndlist. Ef þér tekst að nefna listamann sem hún veit ekki af þá er það vegna þess að hann er ekki til.





10-14 stig = Anna Guðný



Anna Guðný er róleg og sanngjörn. Með einhverjum óskiljanlegum aðferðum nær hún að láta alla elda og baka hina ýmsu rétti á hárréttum tíma. Það ganga orðrómur um að Gordon Ramsay finnist honum ógnað vegna mikilla hæfileika Önnu í eldhúsinu.



15-19 stig = Ágústa

Ágústa er handlagin og ráðagóð. Ef þú gefur Ágústu rollu og öll nauðsynleg tæki gæti hún líklega gert lopapeysu frá grunni, auk þess þori ég að veðja að hún gæti tekið í sundur saumavél og sett hana aftur saman með lokuð augun.



20-24 stig = Joris

Joris kátur og lystrænn. Hann er eins og töframaður með blýantinn og getur skissað upp nánast hvað sem er á aðeins nokkrum mínútum. Þökk sé Joris er hægt að greina á milli teikninga og veggjakrots.



25-29 = Rúnar

Ef þú vilt láta byggja hús á meðan smiðurinn hleypur maraþon, hringdu þá í Rúnar. Hann getur þulið upp allan verðlistan í timburdeildinni í Byko og getur nefnt hverja einustu aðferð til að festa tvær spýtur saman. Auk þess er virðist hann geta tæklað langflest vandamál sem koma upp í smíðastofunni.



Saga Brekkuskóla

-KVB

Þó mörg okkar hafi varið stórum hluta ævinnar innan veggja Brekkuskóla vitum við fátt um sögu skólans fyrir okkar tíð. Það er mikil synd í ljósi þess hve áhugaverð og merkileg hún er. Fyrir neðan kemur sagan öll frá upphafi í stuttu máli.

Árið 1949 flutti kona að nafni Þuríður Brekka Aðalsteinsdóttir til Akureyrar frá höfuðborginni. Þuríður hafði verið vel efnuð skólastýra í Gagnfræðaskólanum við Hringbraut sem nú heitir Hagaskóli. Hún hafði miklar áhyggjur af menntamálum á landsbyggðinni þannig að hún tók sig til og stofnaði skóla á Akureyri, skólinn fékk að sjálfsögðu nafnið Brekkuskóli. Þrátt fyrir mikið fjármagn Þuríðar var skólinn svolítið fátæglegur til að byrja með, skólinn var einungis tvær stofur í fremur hrörlegu húsnæði. Þuríður sjálf kenndi í annarri stofunni en eiginmaður hennar, Sigurður kenndi í hinni.



Svona gekk þetta í nokkur ár, sá litli nemendafjöldi sem var í skólanum stækkaði hægt en örugglega ásamt skólanum sjálfum. Það var ekki fyrr en árið 1960 að Akureyrarbær tók við rekstrinum af Þuríði þegar hún var komin á aldur. Þegar bærinn tók við skólanum breyttist margt, meira fjármagn varð til þess að skólinn stækkaði verulega. Á áttunda áratugnum gerðust nokkuð margir skondnir hlutir.



Bærinn hélt samkeppni um versta stað til að búa til knattspyrnuvöll, einhver trúður ákvað að stinga upp á að byggja völl á skólalóð Brekkuskóla. Sú tillaga vann keppnina og byggður var völlur. Síðan þá hafa nemendur Brekkuskóla samanlagt farið um það bil 6325 ferðir niður Gilið á eftir boltum. Orðrómar gengu um að þáverandi kokkur skólans hafi gert samkomulag við djöfulinn.

Sögunni samkvæmt lofaði kokkurinn því að hafa grænmetisbuff í matinn 5 sinnum í mánuði til frambúðar. Engu máli skipti hvort skipt væri um kokk, reglan stóð. Síðan þá hefur verið dælt grænmetisbuffi í mannskapinn 60 sinnum á ári. Í staðinn gaf djöfullinn kokkinum guðdómlega píanóhæfileika, þessi fyrrverandi kokkur skólans heitir William Martin Joel en er betur þekktur sem Billy Joel. Einn sumardag árið 1979 gerðist sá sorglegi atburður að Þuríður Brekka, stofnandi skólans lést eftir að hafa dottið niður stiga á heimili sínu og hlotið alvarlega höfuðáverka. Það stóð til að jarða hana á skólalóðinni en ættingjar hennar í Reykjavík vildu jarða hana fyrir sunnan, ættingjarnir fengu ósk sína uppfyllta en það urðu heilmiklir eftirmálar af þessu máli. Síðan þá hefur ekkert frásagnarvert gerst fyrir utan það þegar matsalur skólans var valinn sá óhreinasti í Evrópu.

Heimildir:
Treystið mér bara.



Fiðringshópur Brekkuskóla 2023

Fiðringur er hæfileikakeppni fyrir nemendur í 8.-10. bekk á norðurlandi í anda Skrekks í Reykjavík. Það keppa 14 skólar í ár. Brekkuskóli keppir í fyrri undan-keppninni 18. apríl í Tjarnarborg, Ólafsfirði og úrslitin verða þann 6. apríl í Hofi. Það eru 16 nemendur úr Brekkuskóla sem að koma að atriðinu í ár. „Atriðið okkar í ár er innblásið af kvikmyndinni „Inside out” og við erum með meira en bara dans í ár...” segir Fiðringshópurinn og hvetur alla til að mæta og hvetja.

„Áfram Brekkó!!!”.

„Langar að sinna listinni” -ÁGK



Myndmenntakennarinn Joris hefur unnið í Brekkuskóla í 30 ár. Nýlega hefur sá orðrómur borist um skólann að hann hafi sagt upp störfum. Af hverju ætli það sé?

Ertu að hætta og af hverju?

„Já, nú má ég hætta því ég er orðin 65 ára og mig langar að sinna listinni”.

Hvað áttu eftir að sakna mest við að kenna?

„Ég á eftir að sakna nemendanna.

Barnanna hér, kannski kem ég í heimsókn einhvern tímann. Ég mun allavega ekki sakna tölvuvinnunar, skráningar og þess háttar.

Hefur þú átt uppáhalds nemanda?

„Það má nú eiginlega ekki segja. Það er þannig með fólk að með sumum nær maður meiri tengslum við”.

Hefur þú alltaf verið myndmenntakennari?

„Ég var fyrst í nýnami í Hollandi, það var fyrir framhaldsskólakennara og maður átti að velja tvö fög svo ég valdi myndmennt og handmennt. Ég fór svo aftur í listnám og fór í kennslu aðallega til að hafa pening því það er erfitt að lifa á listinni, sérstaklega þegar maður er nýbyrjaður. Ég hef svo bara alltaf haft gaman af börnum, þau eru svo skapandi, þau eru framtíðin”.



Joris í myndlistastofunno

Hvaða aldri finnst þér skemmtilegast að kenna?

„Ég kenndi fyrst í Gagnfræðaskólanum sem var unglingaskóli. Þá var erfiðast að kenna 9. bekk. Fyrsta árið voru flestir óöruggir í starfinu en svo þegar Barnaskólin sameinaðist fór ég líka að kenna yngri bekkjum. 3. og 4. bekkur eru rosalega skemmtileg, þau hafa svo mikla ástríðu”.

Hvað viltu að krakkar læri frá kennslustundum þínum?

„Að verða skapandi og vera opin fyrir öllu sem við sjáum í kringum okkur. Myndmennt fjallar ekki um fagurfræði. Myndmennt er samskipti, tjáning. Það er endalaus upplýsingastraumur sem hægt er að fá í gegnum list. Allt sem við vitum um forn Grikkland og Egyptaland fengum við í gegnum list. Myndlist er sér tungumál, það er hægt að tjá sig með formum og litum eins vel og með orðum”.

Gettu hver?

Á þessari síðu eru myndir af kennurum og uppáhalds bíómyndum þeirra. Gettu hvaða mynd er í uppáhaldi hjá hverjum.

Svörin eru á hvolfi neðst á síðunni.



a)




a) Sævar



b)



b) Hanna



c)



c) Erna



d)



d) Þóra

„Tók áhættuna“

-RIM

Pedro er 24 ára atvinnumaður í blaki frá Gran Canaria. Hann hóf störf hér í lok ársins 2022 sem skólaliði í Brekkuskóla. En hver er Pedro og hvað er hann að gera á Íslandi?

Hvað gerir þú í frítíma þínum?

Venjulegur dagur hjá mér er eitthvað svona; ég er hér frá 8-16 fer svo að þjálfra frá hálf fimm. Ég þjálfra 4 lið á viku, ekki oftast en tvisvar hvert lið. Eftir það fer ég að æfa svo þjálfra ég oftast einu sinn enn. Ég lognast svo út á koddanum. Mér finnst líka mjög gaman að lesa og les mjög oft.

Af hverju ertu skólaliði?

Ég kom ekki til Íslands til að vera skólaliði heldur til þess að spila blak og þjálfra blak en þar sem atvinnumennskan í blaki er ekki borguð hér og ég þjálfra yfirleitt bara seinnipartinn þá þurfti ég að byrja einhvers staðar og þetta hentar mér fínt. Starfsgreinin mín er þjálfari og einkaþjálfari en ekki skólaliði.

Af hverju Ísland?

Fyrir tveim árum hafði KA samband við mig og bauð mér að koma að spila blak með þeim. Ég spilaði atvinnu blak úti á Spáni. Fyrir ári þá spurðu þau mig aftur og þá hafði ég tekið mér smá hlé frá blaki, ég neitaði aftur. Þau spurðu mig svo í þriðja sinn og þá gat ég ekki neitað. Á Spáni var ég þá með mjög góða þjónustu sem einkaþjálfari, komin á mjög góðan stað vinnulega séð, vann hjá flottu brandi sem er með margar staðsetningar og mjög vinsælt, að vinna við þjálfra sem að veitir mér ánægju en ég ákvað að taka áhættuna, vera hugrakkur og koma hingað. Mér finnst mjög gaman að spila með KA og ég sé ekki eftir neinu.





Aðsend mynd

Hvað er í uppáhaldi við Ísland hjá þér?

„Það er rosalega mikið af eyðibýlum eða svona landsvæði sem að enginn hefur stigið fæti á, mér finnst það mjög heillandi. Ég elska heita potta! Það eru ekki heitir pottar á Spáni. Mér finnst veðrið líka oftast mjög fallegt og framandi. Það er mikið í uppáhaldi af mat en lamb er klárlega á toppnum”.

Hvað kom þér mest á óvart við skólann?

Það er mikill munur á þessum skóla og skólum á Spáni. Til dæmis eru engir sófar í spænskum skólum og fólk borðar yfirleitt ekki í skólanum. Ég hef tekið eftir því að það eru margar pásur, mér finnst það mjög heilbriggt.



Á Spáni þá langar flesta ekki í skólann enda er skólinn þar ekki þægilegur, tillitssamur né vinalegur, hér er skólinn opið og skemmtilegt umhverfi. Ég skil svo ekki þessa ávaxta áskrift, ég set ávexti í nokkrar stofur en ekki aðrar? Og hvað er þessi mjólkurvél..?

Er eitthvað sem er mjög öðruvísi við Ísland?

Já, þegar ég kom hérna fyrst þá tók ég eftir hegðun fólks. Margir horfðu eitthvað furðulega á mig og allir eru frekar lokaðir. Á Gran Canaria er allt samfélagið mjög vinalegt og opið, allir heilsast og mikið um knús og kossa. Hér er fólkið lokaðra. Það var frekar erfitt fyrir mig að fóta mig hér fyrst því að ég var vanur öðru.



Pedro með fitness tíma, aðsend mynd.

SKÓLASUND

Getum við plís
sleppt sundi í dag?
Það er svo kalt!

ENGAN
AUMINGJASKAP!!!

Í alvöru?
Ég kvarta ekki vanalega
en það er gul viðvörðun...

...og laugin er frosin.

Ekkert rugl, krakkar.
Hoppið út í!